

27. október 1977

625

Nr. 364.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Andakilsár-
virkjun, og Laxárvirkjun, heimild til 15% — fimmtán af hundraði — hækkunar
heildsöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra frá og með 1. nóvember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977.

Nr. 365.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið
og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té
vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega
stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur,
og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 63.25 fyrir
hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil,
og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem
hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1.
mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu
sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir
1. mars ár hvert.